

Það þykir rétt eftir þessum úrslitum, að allur málskostnaður, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinni skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.
Um gagnsökina á dómurinn að vera ómerkur og
vísast henni frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Ár 1914 mánudaginn 26. okt. var í landsyfirdóminum frá

málinu 32/1914

Erasmus Gíslason

gegn

Stefáni Ólafssyni

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Hinn 22. febr. 1913 seldi stefndi, Stefán Ólafsson bóndi í Kumbaravogi í Stokkseyrarhreppi, Jóni bónda Magnússyni í Gaulverjarbæ bæjarhús sín og nokkrar skepnur (2 kýr, 1 kvígu og 5 hross) fyrir 2050 kr., þar af voru 1050 kr. fyrir skepnurnar. Greiddi Jón andvirðið með húseign einni í Reykjavík. Atti stefndi að afhenda Jóni skepnurnar 14. maí 1913. En sú afhending fór þó eigi fram, og voru skepnurnarnar áfram í vörzlum stefnda. 18. júní 1913 gaf Jón Magnúason út skjal eitt, þar sem

Hann skuldbatt sig til þess að selja stefnda umræddar skepnur fyrir 1000 kr. gegn því að andvirðið yrði að fullu greitt fyrir lok septembermánaðar s. á. Ritaði stefndi á skjalið samþykki sitt. 25. ágúst 1913 gaf Jón Magnússon því næst út skjal eitt, þar sem hann selur og afsalar Birni Gíslasyni Langaveg 119 í Reykjavík »skepnur þær, er jeg (þ: Jón Magnússon) á samkvæmt afsalsbréfi Stefáns Ólafssonar, dagsettu 22. febrúar 1913 og kaupgjörningi, dagsettum 18. júní 1913 og samþykktum af Stefáni Ólafssyni«, og skyldi Birni Gíslasyni heimilt «að krefja Stefán Ólafsson um skepnurnar eða andvirði samkvæmt ofanskrifuðu». 10. des 1913 framseldi Björn Gíslason rétt sinn samkvæmt framsalinu 25. ág. 1913 til áfrýjanda þessa máls, Erasmusar Gíslasonar.

Stefndi greiddi eigi kaupverðið eins og til var skilið í tilboðinu 18. júní f. á., er hann hafði samþykkt, eins og áður er sagt. En skepnurnar héldu þó áfram að vera í varðveislu hans, þar til hann lét selja nokkuð af þeim (2 kýr og 3 hross) á opinberu uppboði 25. nóv. f. á. Með stefnu útg. 14. jan. þ. á. höfðaði svo áfrýjandi mál þetta fyrir gestarétti Árnessýslu, og gerði þær kröfur í dómstefnunni, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu 1000 kr. auk málskostnaðar. Undir rekstri málsins krafðist áfrýjandi ennfremur, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða 5% vexti frá 1. okt. f. á. til greiðsludags, af nefndum 1000 kr., «eða skila hinum sömu skepnum, er hann (þ: stefndi) átti að fá fyrir hinar umstefndu 1000 kr., í sama eða betra standi en þær voru 30. sept. 1913». Svo krafðist áfrýjandi og í málfærslu sinni að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu. Málið var dæmt 2. apríl í gestaréttinum með þeim úrslitum, að stefndi

var sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og áfrýjandi skyldaður til þess að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 1. júlí þ. á. Hefur áfrýjandi gert þær kröfur fyrir yfirdómi, að hinum áfrýjaða dómi verði áhrundið eða breytt þannig, að allar kröfur áfrýjanda fyrir undirrétti verði teknar til greina, og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 1000 kr. ásamt öllum áföllnum og áfallandi kostnaði, svo sem venjulegum vöxtum frá gjald-daga til borgunardags. Svo hefur áfrýjandi og krafist málskostnaðar bæði fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir mótmælt kröfum áfrýjanda, og verður að skilja það svo sem hann krefjist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Hann hefir og krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Eftir því sem kröfur áfrýjanda eru orðaðar, virðist þera að skilja þær svo, að hann krefjist þess nú að eins að stefndi verði dæmdur til þess að greiða umræddar 1000 kr. ásamt vöxtum, auk sekta og málskostnaðar, sem áður segir.

Að vísu verður að lita svo á, að með skuldbindingu Jóns Magnússonar 18. Júní f. á., og samþykki stefnda á þeirri skuldbindingu hafi á komist bindandi samningur milli Jóns og stefnda, þar sem Jón skuldbindur sig til þess að selja skepnurnar, en stefndi skuldbindur sig til þess að greiða andvirði þeirra, 1000 kr. fyrir september-mánaðarlok 1913, enda sýnist stefndi hafa skilið gjörninginn svo, þar sem hann hefir haldið því fram í málinu, að samþykki sitt hafi verið skilorðsbundið. Hins vegar kemur málsaðilum saman um það, að stefndi skyldi eigi óðlast eignarrétt yfir skepnunum fyr en kaupverðið væri

greitt, og að stefndi hafi aldrei orðið eigandi þeirra, með því að hann greiddi ekki andvirðið. Seljandi hefði því getað, eða sá, er hann setti í sinn stað, eftir almennum reglum, valið á milli þess að halda sölusamningnum að aðalefni hans til að stefndum og krefja hann andvirðis skepnanna eða rifta samninginn að aðalefni til og heimta gripina. Því er haldið fram af hálfu áfryjanda, að 29. september f. á. hafi Björn Gíslason, er þá hafi orðið eigandi umræddrar kröfu, samkvæmt framsalinu 25. ágúst 1913, krafist stefnda um umræddar 1000 kr. eða að hann skilaði skepnunum. En gegn mótmælum stefnda er eigi komin fram lögmæt sönnun að því, að Björn Gíslason hafi sýnt stefnda skilríki fyrir því, að hann væri orðinn eigandi þeirrar kröfu. En alt til þess að sannað var fyrir stefnda, að eigendaskifti væri orðin að kröfunni var stefnda rétt að semja um hana við hinn upphaflega kröfuhafa, og þeim, er þá kynnu að hafa eignast kröfuna eða síðar kynnu að verða eigendur hennar skylt gagnvart stefnda að hlíta ráðstöfunum hins upphaflega kröfueiganda fyrir kröfunni.

Það virðist upplýst í málinu, að stefndi hafi í október 1913 hugsað til að koma á nýjum samningum út af margnefndum kaupum, og gert tilraunir við Jón Magnússon í þá átt, enda hafi Jón lofað að gera endanlega við stefnda út um þessi skifti þeirra. Virðist mega líta svo á, að Jón hafi tekið þann kostinn, að hefja sölusamninginn við stefnda og heimta sér afhentar skepnurnar á sínum tíma. Meðal annars er það fram komið í málinu, án þess að því hafi verið sérstaklega mótmælt, að Jón hafi 22. nóv. f. á. gert þá kröfu til stefnda, að hann fódraði og varðveitti skepnurnar til 14. maí 1914, og skilaði þeim þá löglegum eiganda þeirra. En þessa kröfu

hefði hann eigi gert, nema því að eins, að hann ætlaði sér að hefja samninginn eða hefði þegar gert það. Stefndi vildi eigi ganga að þessari kröfu, og með því að skepnurnar voru eigi hirtar, tók hann þann kost að láta selja þær á opinberu uppboði 25. nóv. f. á, eins og áður segir. Þessi ráðstöfun stefnda verður að teljast lögleg eftir því sem ástóð, því að stefnda var eigi skylt að geyma og fódra skepnurnar lengur en hann vildi, enda sýnist Jón Magnússon hefði getað hirt þær áður en salan fór fram, ef hann hefði viljað.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af 1000 kr. kröfunni, eins og héraðsdómarinn hefir gert. Og með því að yfirdómurinn felst á niðurstöðu héraðsdómarans að öðru leyti, þar á meðal málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öllu leyti. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á að vera óraskað-
aður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi
Erasmus Gislason stefnda Stefáni Ólafssyni með 20
krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.